

Nd.

## 13. Frumvarp til laga

[13. mál]

um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um nýtt gengi íslenskrar krónu.

(Lagt fyrir Alþingi á 82. löggjafarþingi, 1961.)

### 1. gr.

Hækkun sú, er verður á skuld ríkissjóðs við Greiðslubandalag Evrópu og Evrópu-sjóðinn vegna nýákveðinnar breytingar á stofngengi íslenskrar krónu, skal færð á sérstakan vaxtalausán reikning á nafni ríkissjóðs í Seðlabankanum. Á reikning þennan skal einnig færa þann gengismun, er af sömu ástæðu kemur fram hjá einstökum bönkum, sem verzlá með erlendan gjaldeyri. Við útreikning á þessum gengismun skal taka tillit til allra eigna og skulda viðkomandi banka í erlendum gjaldeyri, þá er hið nýja gengi tekur gildi. Innstæður og skuldir í krónum á nafni erlendra aðila, sem gengistryggðar eru með sérstökum samningi, teljast erlendir gjaldeyrir í þessu sambandi, og sama gildir um gulleign Seðlabankans.

Á reikning þann, er um ræðir í fyrri málsg. þessarar gr., skal færa gengismun, sem myndast vegna ákvæðis 2. gr., þá er banki hefur innt af hendi greiðslu vegna bankaábyrgðar áður en hið nýja gengi tók gildi. Sama gildir um gengismun, er myndast kann við kaup á gjaldeyri frá varnarliðinu vegna ákvæða 3. gr.

### 2. gr.

Nú er bankaábyrgð til handa erlendum aðila ekki greidd í íslenskum banka fyrir en eftir 1. ágúst 1961 eða gjalddagi hennar er eftir þann tíma, og skal hún þá gerð upp á hinu nýja gengi.

### 3. gr.

Allar greiðslur fyrir verk, sem innlendir aðilar hafa unnið samkvæmt samningi við varnarliðið eða aðila á þess vegum fram að gildistöku hins nýja gengis, skulu fara fram á því gengi, sem gildi fyrir þann dag. Sama gildir um hvers konar kröfur innlendra aðila vegna sölu á vörum eða þjónustu til varnarliðsins eða aðila á þess vegum áður en hið nýja gengi tók gildi.

### 4. gr.

Nú er gjald af fob-verði bifreiðar eða bifhjóls samkvæmt 16. gr. laga nr. 4/1960 greitt eftir 3. ágúst 1961, og skal þá innheimt á því gengi, sem er á greiðsludegi gjaldsins, án tillits til þess, hvenær ákvörðun um veitingu leyfis er tekin.

### 5. gr.

Frá gildistöku þessara laga skal við ákvörðun verðtolls, söluskatts (sbr. lög nr. 10 22. marz 1960 með síðari breytingum) og innflutningsgjalds (sbr. 9. gr. laga nr. 4 20. febr. 1960) á innfluttum vörum reikna fob-verðmæti þeirra á hinu nýja gengi. Sama gildir um annan kostnað í cif-verði, þar á meðal flutningskostnað, sé hann ákveðinn í erlendum gjaldeyri, þannig að krónuvirði hans breytist sjálfkrafa til samræmis við hið nýja gengi, ef greiðsla fer fram eftir gildistöku þessara laga. Á innflutningsfarmskrá, sem farmflytjendur afhenda tollyfirvöldum, skal flutningsgjald tilgreint í íslenskum krónum. — Í fob-verðmæti skal reikna allan erlendan kostnað, sem á er fallinn, þá er vara er komin í farartæki það, sem flytur hana til Íslands.

Ákvæði 1. málsg. þessarar gr. gilda á hliðstæðan hátt um öll önnur gjöld af innfluttum vörum, sem innheimt eru af tollyfirvöldum og ákveðin eru sem hundr-aðshluti af vöruverðmæti.

Nú hefur innflytjandi fyrir 4. ágúst 1961 afhent til tollmeðferðar skjöl, sem eru að öllu leyti fullnægjandi til þess að hægt sé að tollafgreiða viðkomandi vöru

þegar í stað, og skal þá miða gjöld af henni við eldra gengi, en þó því aðeins, að tollafgreiðsla eigi sér stað innan 6 virkra daga frá gildistöku þessara laga.

Ákvæði 1. málsg. þessarar gr. gilda við tollafgreiðslu vara, sem hafa verið afhentar innflytjendum með leyfi tollyfirvalda gegn tryggingu fyrir greiðslu aðflutningsgjalda (sbr. 15. gr. tollskrárlaga), nema fullnaðartollafgreiðsla eigi sér stað innan tveggja mánaða frá gildistöku laganna.

#### 6. gr.

Þá er skilað er til banka gjaldeyri fyrir útfluttar afurðir framleiddar á tímabilinu 16. febrúar 1960 til 31. júlí 1961, skal hann greiddur útflytjanda á því gengi, er gilti fyrir 4. ágúst 1961. Ríkisstjórnin kveður nánar á um, hvaða afurðir falli undir ákvæði þessarar málsg., og eru ákvarðanir hennar þar að lútandi fullnaðarúrskurðir.

Mismunur andvirðis skilaðs gjaldeyris á eldra gengi og andvirðis hans á hinu nýja gengi samkvæmt 1. málsg. skal færður á sérstakan reikning á nafni ríkissjóðs í Seðlabankanum. Skal nota fé á þessum reikningi til greiðslu gengistaps vegna skuldar ríkissjóðs við Greiðslubandalag Evrópu og Evrópusjóðinn, ef það fé, er verður til ráðstöfunar samkvæmt ákvæðum 1. gr., nægir ekki til þess. Af fé á þessum reikningi skal enn fremur greiða  $\frac{1}{2}$  hluta útflutningsgjalds af sjávarafurðum framleiddum á tímabilinu 16. febrúar 1960 til 31. júlí 1961, sbr. 2. málslið 1. málsg. 7. gr. laganna. Að öðru leyti skal fé þetta notað til að létta byrðar ríkissjóðs vegna áfallinna ríkisábyrgða í þágu atvinnuveganna.

#### 7. gr.

Útflutningsgjald af sjávarafurðum (þar á meðal hvalafurðum) samkvæmt 1. gr. laga nr. 66/1957 skal frá gildistöku þessara laga nema 6% af fob-verði afurða reiknuðu á nýju gengi. Að því er snertir sjávarafurðir framleiddar fyrir 1. ágúst 1961 skal gjaldið þó að  $\frac{2}{3}$  hlutum greitt af mismun þeim, er fram kemur við gjaldreyrisskil vegna viðkomandi vörusendingar, sbr. ákvæði 6. gr. Allir, sem flytja út sjávarafurðir frá gildistöku þessara laga, skulu greiða þriðjung útflutningsgjalds af þeim um leið og útflutningsskjöl eru afgreidd, og jafnframt skulu þeir afhenda tollfyrirvaldi ávísun á væntanlegt gjaldeyrisandvirði fyrir  $\frac{2}{3}$  hlutum gjaldsins. Tollyfirvöld senda gjaldeyriseftirlitinu ávísanir þessar, og tekur það fé til greiðslu á þeim af söluandvirði gjaldskyldra afurða, en ávísanir vegna útflutningsgjalds af sjávarafurðum framleiddum fyrir 1. ágúst 1961 falla úr gildi, sbr. ákvæði 2. málsliðs þessarar málsg.

Útflutningsgjald af niðursoðnum sjávarvörum og af afurðum frá selveiðum fluttum út eftir gildistöku laga þessara skal vera 2% af fob-verði reiknuðu á nýju gengi, og innheimtist gjaldið um leið og útflutningsskjöl eru afgreidd.

Ríkisstjórnin kveður nánar á um, hvaða afurðir falla undir ákvæði 1. og 2. málsg., og eru ákvarðanir hennar þar að lútandi fullnaðarúrskurðir.

Tekjum af útflutningsgjaldi af sjávarafurðum skal frá ágústbyrjun 1961 ráðstafað þannig: Til nýs tryggingakerfis fiskiskipa samkvæmt ákvörðun Alþingis 32%, til Fiskveiðasjóðs Íslands 30%, til Stofnlánadeildar sjávarútvegsins 30%, til Fiskimálasjóðs 5%, til byggingar haf- og fiskirannsóknarskips 1.3%, til Rannsóknarstofnunar sjávarútvegsins 1.0%, til Landssambands íslenzkra útvegsmanna 0.7%.

#### 8. gr.

Hlutatryggingasjóðsgjald það, er útflytjendur sjávarafurða greiða samkvæmt 9. gr. laga nr. 48/1949, skal frá gildistöku laga þessara nema 1 $\frac{1}{4}$ % af fob-verði afurða reiknuðu á nýju gengi. Frá sama tíma skal gjald þetta innheimt af afurðum, sem koma frá togurum. Tekjuauki sá, er leiðir af hækkun á hundraðshluta gjaldsins og af breiðari gjaldstofni þess, skal ganga til nýrrar deildar Hlutatryggingasjóðs, er

hafi það hlutverk að aðstoða einstakar greinar útvegsins, er þær verða fyrir sérstöðum, tímabundnum áföllum vegna aflabrests eða annarra utan að komandi orsaka.

Framlag ríkissjóðs í Hlutatryggingasjóð árið 1961 skal ekki vera hærra en ákveðið er í fjárlögum ársins.

9. gr.

Gjald vegna ferskfiskseftirlits (sbr. 7. gr. laga nr. 42/1960) og gjald af útfluttri saltsíld til Síldarútvegsnefndar samkvæmt 7. gr. reglugerðar nr. 132/1952 skal frá gildistöku þessara laga miðað við fob-verð reiknað á nýju gengi.

10. gr.

Skattur sá á útfluttum vörum framleiddum 1960, er um ræðir í 8. gr. laga nr. 4/1960 (sbr. lög nr. 84/1960), skal frá gildistöku laga þessara nema 0.44% af niðursoðnum sjávarvörum og 2.2% af öðrum vörum, og skal miða skattinn við fob-verð reiknað á nýju gengi.

11. gr.

Eigi er heimilt að stofna til skuldar í íslenskum krónum með ákvæði þess efnis, að hún eða vextir af henni breytist í samræmi við gengi erlends gjaldeyris, nema um sé að ræða endurlánað erlent lánsfé. Sé hið erlenda lánsfé, sem þannig hefur verið endurlánað innanlands, endurgreitt fyrr eða á styttri tíma en innlenda lánið, er óheimilt að innheimta hið síðara eða vexti af því miðað við hærra gengi en gildi, þegar erlenda lánið var greitt.

Ákvæði í lánsamningum, gerðum fyrir gildistöku laganna, um, að endurgreiðsla eða vextir skuli háð gengi erlends gjaldeyris, skulu ekki gild, nema þau séu í samræmi við ákvæði 1. málsg. þessarar gr.

12. gr.

Bannað er að hækka verð á birgðum innfluttra vara, sem greiddar hafa verið á gengi í gildi fyrir 4. ágúst 1961, og sama gildir um verð á birgðum iðnaðarvara, sem framleiddar eru úr efni, sem greitt hefur verið á eldra gengi. — Til birgða teljast í þessu sambandi vörur greiddar á eldra gengi, sem ekki eru komnar í hendur innflytjenda.

13. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að setja með reglugerðum eða á annan hátt nánari fyriræli um framkvæmd þessara laga.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjalsins.

Fylgiskjal.

**BRÁÐABIRGÐALÖG**

um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um nýtt gengi íslenzkrar krónu.

**FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Forsætisráðherra hefur tjáð mér, að þar sem Seðlabanki Íslands hafi, með samþykki ríkisstjórnarinnar, ákveðið nýtt gengi íslenzkrar krónu, beri nauðsyn til að lögfesta ákvæði um ráðstöfun gengismunar, breytingar

gjalda á útflutningi og nokkur atriði varðandi framkvæmd gengisbreytingarinnar.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög, samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, á þessa leið:

#### 1. gr.

Hækkun sú, er verður á skuld ríkissjóðs við Greiðslubandalag Evrópu og Evrópu-sjóðinn vegna nýákveðinnar breytingar á stofngengi íslenzkrar krónu, skal færð á sérstakan vaxtalausán reikning á nafni ríkissjóðs í Seðlabankanum. Á reikning þennan skal einnig færa þann gengismun, er af sömu ástæðu kemur fram hjá einstökum bönkum, sem verzlá með erlendan gjaldeyri. Við útreikning á þessum gengismun skal taka tillit til allra eigna og skulda viðkomandi banka í erlendum gjaldeyri, þá er hið nýja gengi tekur gildi. Innstæður og skuldir í krónum á nafni erlendra aðila, sem gengistryggðar eru með sérstökum samningi, teljast erlendir gjaldeyrir í þessu sambandi, og sama gildir um gulleign Seðlabankans.

Á reikning þann, er um ræðir í fyrri málsg. þessarar gr., skal færa gengismun, sem myndast vegna ákvæðis 2. gr., þá er banki hefur innt af hendi greiðslu vegna bankaábyrgðar áður en hið nýja gengi tók gildi. Sama gildir um gengismun, er myndast kann við kaup á gjaldeyri frá varnarliðinu vegna ákvæða 3. gr.

#### 2. gr.

Nú er bankaábyrgð til handa erlendum aðila ekki greidd í íslenskum banka fyrr en eftir 1. ágúst 1961 eða gjalddagi hennar er eftir þann tíma, og skal hún þá gerð upp á hinu nýja gengi.

#### 3. gr.

Allar greiðslur fyrir verk, sem innlendir aðilar hafa unnið samkvæmt samningi við varnarliðið eða aðila á þess vegum fram að gildistöku hins nýja gengis, skulu fara fram á því gengi, sem gildi fyrir þann dag. Sama gildir um hvers konar kröfur innlendra aðila vegna sölu á vörum eða þjónustu til varnarliðsins eða aðila á þess vegum áður en hið nýja gengi tók gildi.

#### 4. gr.

Nú er gjald af fob-verði bifreiðar eða bifhjóls samkvæmt 16. gr. laga nr. 4/1960 greitt eftir 3. ágúst 1961, og skal þá innheimt á því gengi, sem er á greiðsludegi gjaldsins, án tillits til þess, hvenær ákvörðun um veitingu leyfis er tekin.

#### 5. gr.

Frá gildistöku þessara laga skal við ákvörðun verðtolls, söluskatts (sbr. lög nr. 10 22. marz 1960 með síðari breytingum) og innflutningsgjalds (sbr. 9. gr. laga nr. 4 20. febr. 1960) á innfluttum vörum reikna fob-verðmæti þeirra á hinu nýja gengi. Sama gildir um annan kostnað í cif-verði, þar á meðal flutningskostnað, sé hann ákveðinn í erlendum gjaldeyri, þannig að krónuvirði hans breytist sjálfkrafa til samræmis við hið nýja gengi, ef greiðsla fer fram eftir gildistöku þessara laga. Á innflutningsfarmskrá, sem farmflytjendur afhenda tollyfirvöldum, skal flutningsgjald tilgreint í íslenskum krónum. — Í fob-verðmæti skal reikna allan erlendan kostnað, sem á er fallinn, þá er vara er komin í farartæki það, sem flytur hana til Íslands.

Ákvæði 1. málsg. þessarar gr. gilda á hliðstæðan hátt um öll önnur gjöld af innfluttum vörum, sem innheimt eru af tollyfirvöldum og ákveðin eru sem hundr- aðshluti af vöruverðmæti.

Nú hefur innflytjandi fyrir 4. ágúst 1961 afhent til tollmeðferðar skjöl, sem eru að öllu leyti fullnægjandi til þess að hægt sé að tollafgreiða viðkomandi vöru þegar í stað, og skal þá miða gjöld af henni við eldra gengi, en þó því aðeins, að tollafgreiðsla eigi sér stað innan 6 virkra daga frá gildistöku þessara laga.

Ákvæði 1. málsg. þessarar gr. gilda við tollafgreiðslu vara, sem hafa verið afhentar innflytjendum með leyfi tollyfirvalda gegn tryggingu fyrir greiðslu aðflutningsgjalda (sbr. 15. gr. tollskrárlaga), nema fullnaðartollafgreiðsla eigi sér stað innan tveggja mánaða frá gildistöku laganna.

#### 6. gr.

Þá er skilað er til banka gjaldeyri fyrir útfluttar afurðir framleiddar á tímabilinu 16. febrúar 1960 til 31. júlí 1961, skal hann greiddur útflytjanda á því gengi, er gilti fyrir 4. ágúst 1961. Ríkisstjórnin kveður nánar á um, hvaða afurðir falli undir ákvæði þessarar málsg., og eru ákvarðanir hennar þar að lútandi fullnaðarúrskurðir.

Mismunur andvirðis skilaðs gjaldeyris á eldra gengi og andvirðis hans á hinu nýja gengi samkvæmt 1. málsg. skal færður á sérstakan reikning á nafni ríkissjóðs í Seðlabankanum. Skal nota fé á þessum reikningi til greiðslu gengistaps vegna skuldar ríkissjóðs við Greiðslubandalag Evrópu og Evrópusjóðinn, ef það fé, er verður til ráðstöfunar samkvæmt ákvæðum 1. gr., nægir ekki til þess. Af fé á þessum reikningi skal enn fremur greiða  $\frac{2}{3}$  hluta útflutningsgjalds af sjávarafurðum framleiddum á tímabilinu 16. febrúar 1960 til 31. júlí 1961, sbr. 2. málslið 1. málsg. 7. gr. laganna. Að öðru leyti skal fé þetta notað til að létta byrðar ríkissjóðs vegna áfallinna ríkisábyrgða í þágu atvinnuveganna.

#### 7. gr.

Útflutningsgjald af sjávarafurðum (þar á meðal hvalafurðum) samkvæmt 1. gr. laga nr. 66/1957 skal frá gildistöku þessara laga nema 6% af fob-verði afurða reiknuðu á nýju gengi. Að því er snertir sjávarafurðir framleiddar fyrir 1. ágúst 1961 skal gjaldið þó að  $\frac{2}{3}$  hlutum greitt af mismun þeim, er fram kemur við gjaldreyrisskil vegna viðkomandi vörusendingar, sbr. ákvæði 6. gr. Allir, sem flytja út sjávarafurðir frá gildistöku þessara laga, skulu greiða þriðjung útflutningsgjalds af þeim um leið og útflutningsskjöl eru afgreidd, og jafnframt skulu þeir afhenda tollyfirvaldi ávísun á væntanlegt gjaldeyrisandvirði fyrir  $\frac{2}{3}$  hlutum gjaldsins. Tollyfirvöld senda gjaldeyriseftirlitinu ávísanir þessar, og tekur það fé til greiðslu á þeim af söluandvirði gjaldskyldra afurða, en ávísanir vegna útflutningsgjalds af sjávarafurðum framleiddum fyrir 1. ágúst 1961 falla úr gildi, sbr. ákvæði 2. málsliðs þessarar málsg.

Útflutningsgjald af niðursoðnum sjávarvörum og af afurðum frá selveiðum fluttum út eftir gildistöku laga þessara skal vera 2% af fob-verði reiknuðu á nýju gengi, og innheimtist gjaldið um leið og útflutningsskjöl eru afgreidd.

Ríkisstjórnin kveður nánar á um, hvaða afurðir falla undir ákvæði 1. og 2. málsg., og eru ákvarðanir hennar þar að lútandi fullnaðarúrskurðir.

Tekjum af útflutningsgjaldi af sjávarafurðum skal frá ágústbyrjun 1961 ráðstafað þannig: Til nýs tryggingakerfis fiskiskipa samkvæmt ákvörðun Alþingis 32%, til Fiskveiðasjóðs Íslands 30%, til Stofnlánadeildar sjávarútvegsins 30%, til Fiskimálasjóðs 5%, til byggingar haf- og fiskirannsóknarskips 1.3%, til Rannsóknarstofnunar sjávarútvegsins 1.0%, til Landssambands íslenskra útvegsmanna 0.7%.

#### 8. gr.

Hlutatryggingasjóðsgjald það, er útflytjendur sjávarafurða greiða samkvæmt 9. gr. laga nr. 48/1949, skal frá gildistöku laga þessara nema  $11\frac{1}{4}$ % af fob-verði afurða

reiknuðu á nýju gengi. Frá sama tíma skal gjald þetta innheimt af afurðum, sem koma frá togurum. Tekjuauki sá, er leiðir af hækkun á hundraðshluta gjaldsins og af breiðari gjaldstofni þess, skal ganga til nýrrar deildar Hlutatryggingasjóðs, er hafi það hlutverk að aðstoða einstakar greinar útvegsins, er þær verða fyrir sérstöðum, tímabundnum áföllum vegna aflabrests eða annarra utan að komandi orsaka.

Framlag ríkissjóðs í Hlutatryggingasjóð árið 1961 skal ekki vera hærra en ákveðið er í fjárlögum ársins.

9. gr.

Gjald vegna ferskfiskseftirlits (sbr. 7. gr. laga nr. 42/1960) og gjald af útfluttri saltsíld til Sildarútvegsnefndar samkvæmt 7. gr. reglugerðar nr. 132/1952 skal frá gildistöku þessara laga miðað við fob-verð reiknað á nýju gengi.

10. gr.

Skattur sá á útfluttum vörum framleiddum 1960, er um ræðir í 8. gr. laga nr. 4/1960 (sbr. lög nr. 84/1960), skal frá gildistöku laga þessara nema 0.44% af niðursoðnum sjávarvörum og 2.2% af öðrum vörum, og skal miða skattinn við fob-verð reiknað á nýju gengi.

11. gr.

Eigi er heimilt að stofna til skuldar í íslenskum krónum með ákvæði þess efnis, að hún eða vextir af henni breytist í samræmi við gengi erlends gjaldeyris, nema um sé að ræða endurlánað erlent lánsfé. Sé hið erlenda lánsfé, sem þannig hefur verið endurlánað innanlands, endurgreitt fyrr eða á styttri tíma en innlenda lánið, er óheimilt að innheimta hið síðara eða vexti af því miðað við hærra gengi en gildi, þegar erlenda lánið var greitt.

Ákvæði í lánessamningum, gerðum fyrir gildistöku laganna, um, að endurgreiðsla eða vextir skuli háð gengi erlends gjaldeyris, skulu ekki gild, nema þau séu í samræmi við ákvæði 1. málsg. þessarar gr.

12. gr.

Bannað er að hækka verð á birgðum innfluttra vara, sem greiddar hafa verið á gengi í gildi fyrir 4. ágúst 1961, og sama gildir um verð á birgðum iðnaðarvara, sem framleiddar eru úr efni, sem greitt hefur verið á eldra gengi. — Til birgða teljast í þessu sambandi vörur greiddar á eldra gengi, sem ekki eru komnar í hendur innflytjenda.

13. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að setja með reglugerðum eða á annan hátt nánari fyrirmæli um framkvæmd þessara laga.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 3. ágúst 1961.*

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

*Ólafur Thors.*